

Fréttatilkynning frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu:

Ákvörðun heildaraflamarks fiskveiðíarið 2012/2013

Steingrímur J. Sigfússon sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur í dag tekið ákvörðun um heildarafla á næsta fiskveiðíari 2012/2013. Ákvörðunin byggir á ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunarinnar sem hún kynnti í síðasta mánuði en einnig var haft hefðbundið samráð við hagsmunaaðila.

Ástand helstu nytjastofna gott

Almennt má segja að ástand helstu nytjastofna okkar sé gott og betra en hjá mörgum öðrum þjóðum. Ástand þorsksstofnsins, sem er okkar mikilvægasti stofn, fer mjög batnandi. Aflareglu sú er sett var fyrir nokkrum árum er að skila miklum árangri í uppbyggingu stofnsins. Sá árangur er að skila þjóðinni auknum verðmætum sem talin eru í milljörðum. Þess má geta að ákvörðun aflamarks í þorski nú, tæp 200 þús. tonn, er tæpum 70 þús. tonnum meira en þegar minnst var 2007/2008. Gullkarfastofninn virðist í góðu ástandi sem skilar sér í auknum aflaheimildum fyrir komandi fiskveiðíár. Ufsastofninn heldur stöðu sinni. Gleðilegt er hvað vísitala löngu er há í sögulegu samhengi og því er nú hægt að auka aflamark hennar umtalsvert. Í fjölgur ár í röð hefur sýking herjað á stofn íslensku sumargotssíldarinnar. Nú eru sterkar vísbendingar um að sýkingin sé í rénum og horfur með stærð veiðistofnsins eru bjartari en undanfarin ár og því er hægt að auka aflamarkið. Í heild vegur aukning aflamarks í þeim tegundum sem eru í sókn mun þyngra en samdráttur í tegundum sem lakan standa. Erfitt er að áætla nákvæmlega verðmætisaukningu sem af þessu hlýst, auk þess sem óvissa er enn um veiðar á mikilvægum tegundum eins og loðnu. Engu að síður er það mat ráðuneytisins að gera megi ráð fyrir nálægt 10 milljarða verðmætisaukningu á grundvelli ákvörðunarnarinnar nú.

Nýr samningur um grálúðu

Fyrir nokkrum árum var talið að ástand grálúðustofnins væri alvarlegt. Ráðgjöf Alþjóðahafnarssóknaráðsins (ICES) fyrir þetta fiskveiðíár var engin veiði en Hafrannsóknastofnunin lagði til 12 þúsund tonn á öllu svæðinu. Þetta hefur breyst og nú er ráðgjöf ICES 20 þúsund tonn. Aflamark í grálúðu fyrir næsta fiskveiðíár er nú ákveðið 1.700 tonnum hærra en á yfirstandandi fiskveiðíári. Er það í samræmi við samning sem nýlega var gerður milli Íslands og Grænlands um grálúðustofninn sem er sameiginlegur stofn þjóðanna tveggja og Færeys. Samningurinn á eftir að hljóta staðfestingu grænlenska þingsins en í honum kemur fram aflamagn og skipting þess milli Íslands, Grænlands og Færreyja næstu tvö fiskveiðíár ásamt áætlun um á hverju stjórn veiða skuli byggjast eftir það. Ekki tókst að ná samkomulagi við Færreyjar en áætlað er að þeir taki 6% heildaraflans. Samkomulag er um það milli Íslands og Grænlands að þessi hlutur Færreyja takist hlutfallslega af hlutum þjóðanna tveggja sem eru í samningunum ákveðnir 60% fyrir Ísland og 40% fyrir Grænland.

Aðrir stofnar

Fyrir ýmsa stofna er ráðgjöf sú hin sama og var í fyrra og á það sérstaklega við um flesta flatfiskstofnana. Ráðgjöfin er hins vegar lægri fyrir djúpkarfa, ýsu, steinbít, þykkvalúru og skötusel. Ástand ýsustofnsins er slæmt vegna nýliðunarbrests undanfarinna ára. Aflamark í ýsu var 105 þúsund tonn 2006/07 en er á þessu fiskveiðíári um 40% þess magns. Enn er verulega dregið úr úthlutuðu aflamarki í ýsu á næsta fiskveiðíári, eða um 9 þúsund tonn frá áinu í ár. Ástand steinbítsstofnis er ekki gott og hefur ráðgjöf farið hratt minnkandi. Nýliðun skötusels mælist léleg og er nú nær því sem hún var um aldamótin þegar að stofninn var mun minni. Ákvörðun aflamarks fyrir þessa stofna tekur mið af þessu.

Veiðar útlendinga

Að lokum er hér er sérstaklega tekið fram að nú er í fyrsta skipti tekið tillit til veiða útlendinga á þorski, löngu og keilu. Vegna þessa er aflamark þorsks 600 tonnum lægra, löngu 500 tonnum og keilu 300 tonnum lægra en annars hefði verið.

Aflareglur

Ákveðið hefur verið að hefja nú undirbúning að endurskoðun og framlengingu aflareglu fyrir þorskveiðar og sömu leiðis er undirbúningur að móturn afclareglna fyrir ýsu, karfa og ufsa langt kominn.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu

13. júlí 2012

Sjá töflu á næstu síðu

Leyfilegur heildarafli á fiskveiðíarinu 2012/2013.

Tegund	Lestir
Porskur	195.400
Gullkarfi	45.000
Djúpkarfi	10.000
Ýsa	36.000
Ufsi	50.000
Grálúða	14.700
Steinbítur	8.500
Skrápflúra	200
Skarkoli	6.500
Sandkoli	800
Keila	6.400
Langa	11.500
Þykkvalúra	1.400
Skötuselur	1.800
Langlúra	1.100
Humar	1.900
Íslensk sumargotsíld	64.000